



Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps

8. fundur Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps haldinn þann 30. Nóvember 2011 á Höfðagötu 3, á Hólavík. Ný nefnd var skipuð nýlega og sitja í henni Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir formaður, Andrea Björnsdóttir varaformaður, Bryndís Sveinsdóttir, Jenný Jensdóttir og Hrefna Þorvaldsdóttir og er þetta fyrsti fundur þeirrar nýju nefndar.

Mættir voru; Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir(Strandabyggð) , Andrea Björnsdóttir(Reykhólahreppur), Bryndís Sveinsdóttir (Strandabyggð), Jenný Jensdóttir (Kaldrananeshreppur) og Hrefna Þorvaldsdóttir í síma (Árneshreppur). Hildur Jakobína Gísladóttir, félagsmálastjóri, ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. 11. fundargerð verkefnahóps BS Vest um málefni fatlaðs fólks lögð til kynningar og samþykkt.
2. Reglur um skammtímavistun, verkefnahóps BS Vest um málefni fatlaðs fólks kynntar og samþykktar
3. Niðurstöður íbúafundar eldri borgara í Strandabyggð og Reykhólahreppi kynntar lauslega. Heildarniðurstöður verða kynntar ítarlegar þegar niðurstöður úr Kaldrananeshreppi og Árneshreppi liggja fyrir.
4. Fjárhagsáætlun málefna fatlaðs fólks kynnt fyrir nefndarmönnum
5. Trúnaðarmál – Niðurstaða skv. bókun í málinu færð í trúnaðarbók
6. Trúnaðarmál – Niðurstaða skv. bókun í málinu færð í trúnaðarbók
7. Önnur mál

Fundi var slitið klukkan 14:06.

